

---

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA VARM AHLÍÐARSKÓLA

---

maí 2021



Lára Gunnðís Magnúsdóttir tók saman

## Efnisyfirlit

Meginniðurstöður.....	2
Inngangur .....	4
Um Varmahlíðarskóla.....	5
Markmið skólastarfs.....	6
Nemendur.....	7
Starfsmenn .....	8
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats.....	9
Sjálfsmat starfsfólks veturinn 2020-2021 .....	11
Mat á gæðagreiðni 1.2 Forysta í skólastarfi.....	11
Mat á gæðagreiðni 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni.....	12
Mat á gæðagreiðni 2.3. Nám og kennsla.....	13
Mat á gæðagreiðni 2.1. Nemendavernd .....	14
Mat á gæðagreiðni 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat .....	15
Mat á gæðagreiðni 1.3 Breytingastjórnun.....	15
Umbótaáætlanir skólaársins 2020-2021 - starfsfólk .....	17
Skólapúlsinn.....	19
Skólapúlsinn nemendakönnun .....	20
Skólapúlsinn starfsfólk.....	22
Árleg skimun starfsfólks – niðurstöður.....	28
Könnun um Sveitadaga.....	29
Áætlun um sjálfsmat 2020-2023 .....	31
Viðauki 1: Einkunnaskali.....	32

## Meginniðurstöður

Í upphafi skólaárs var sjálfsmatsteymi skipað og unnið skipulag um vinnu vetrarins. Vegna óvenjulegra aðstæðna vetrarins breyttust áætlanir og bera niðurstöður skýrslunnar keim af því. Í sjálfsmati starfsmanna voru metnir sjö matsþættir í vetur á fjórum matsfundum starfsfólks.

Í sjötta sinn voru árlegar viðhorfakannanir lagðar fyrir í vefkerfi Skólapúlsins. Vefkerfið heldur utan um nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir sem lagðar eru fyrir í skólanum. Þetta árið voru kannanir lagðar fyrir nemendur og foreldra. Rýnt hefur verið í niðurstöður kannananna jafnt og þétt yfir skólaárið en heildarsamantekt skólaársins má skoða í þessari skýrslu.

Árleg skimun var lögð fyrir starfsfólk að venju og svöruðu 29 starfsmenn henni. Niðurstöður eru jákvæðar en huga þarf að einstökum þáttum sem betur mega fara.

Þriggja ára áætlun um mat er sett fram í lok skýrslunnar. Sú áætlun byggir á gæðaviðmiðum úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg.

### Yfirlit matsþátta og einkunnagjöf

<b>Matsfundur 04. febrúar 2021</b>	<b>Einkunnagjöf</b>
1.2 Forysta í skólastarfi	4, 4-5,4
1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	3, 4, 4
<b>Matsfundur 23. febrúar 2021</b>	<b>Einkunnagjöf</b>
2.3 Nám og kennsla	4, 4, 4, 4, 4
<b>Matsfundur 17. mars 2021</b>	<b>Einkunnagjöf</b>
2.1 Nemendavernd	4-5, 5, 4, 5
<b>Matsfundur 11. maí 2021</b>	<b>Einkunnagjöf</b>
1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	4, 5, 5
1.3 Breytingastjórnun	4, 4, 4

Til glöggvunar á matsniðurstöðum má skoða gildi hvernar einkunnar skv. einkunnaskala sjálfsmatskerfisins sem sjá má í viðauka 2.

<b>Einkunnaskali skv. sjálfsmatsaðferðinni</b> <b><i>Hveru góður er grunnskólinn okkar?</i></b>
Einkunn 6 - <i>framúrskarandi</i>
Einkunn 5 - <i>mjög gott</i>
Einkunn 4 - <i>gott</i>
Einkunn 3 - <i>fullnægjandi</i>
Einkunn 2 - <i>slakt</i>
Einkunn 1 - <i>ófullnægjandi</i>

## Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein í lögum um grunnskóla ber öllum skólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=d43fd486-c36f-43b3-be74-8ed4e265dd93>

Í sjálfsmatinu felst gagnaöflun um skólastarfið. Árangur skólans í einstökum þáttum er metinn þar sem markmið skólans eru lögð til grundvallar sem viðmið. Í matinu koma fram sterkir og veikir þættir skólastarfsins. Leitað er leiða til að viðhalda sterku þáttunum og efla þá enn frekar. Til að styrkja veika þætti í matinu er sett fram þróunaráætlun sem felur í sér umbætur á viðkomandi þætti í skólastarfinu. Þannig stuðlar sjálfsmatið að umbótum í skólastarfinu. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá að gera góðan skóla betri. Í sjálfsmati skóla felst í senn leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og þróa vöxt þess.

Varmahlíðarskóli hefur notað skoskt sjálfsmatskerfi, *How good is our school?* allt frá haustinu 2002. Skólaskrifstofa Skagfirðinga þýddi efnið *How good is our school?* árið 1999 og var það nefnt Gæðagreinar í íslenskri þýðingu.

Árið 2010 var þriðja útgáfa af gæðagreininum þýdd og nefnist hún *Gæðagreinar 2*. Gæðagreinararnir hafa frá upphafi verið aðgengilegir öllu skólafólki, m.a. á vef fræðsluþjónustu Skagafjarðar. Skotarnir uppfærðu sjálfsmatsefnið enn á ný og gáfu út í september 2015, *How good is our school*, 4. útgáfa. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar vann að þýðingu á nýju útgáfunni á skólaárinu 2016 og á vormisseri var íslenska þýðingin *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* gefin út. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á sjálfsmatskerfinu með nýju útgáfunni, lykilþáttum og gæðagreinum hefur verið fækkað til muna og gert ráð fyrir aukinni fjölbreytni varðandi matsferlið. Jafnframt er lögð áhersla á að skólar aðlagi matskerfið enn frekar að sérstöðu hvers skóla og bæti við gæðaviðmiðum um skólastarf við þau gæðaviðmið sem sett eru fram í hverjum lykilþætti. Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er þó enn hinn sami, en nýjungarnar eru til þess fallnar að hægt verði að efla gæði umbótamiðaðs innra mats þar sem stefnan er sett á framúrskarandi gæði skólastarfs. Sem fyrr snýst kjarni sjálfsmatsins um áhrif skólastarfs á nemendur.

Sjálfsmatsteymi var sett á laggirnar í upphafi skólaárs. Í því eiga sæti aðstoðarskólastjóri, fulltrúar kennara og fulltrúi starfsmanna. Hlutverk þess er að fylgja eftir matsáætlun skólans, rýna í matsþætti og hafa umsjón með eftirfylgni þróunaráætlana. Í vetur störfuðu

Í teyminu Lára Gunnðís Magnúsdóttir, Birgitta Sveinsdóttir, Þyrey Hlífarsdóttir og Sigrún Björg Gylfadóttir. Aðstoðarskólastjóri sá um fyrirlögn, úrvinnslu og árlega sjálfsmatsskýrslugerð. Á skólaárinu var unnið samkvæmt þriggja ára áætlun um innra mat skólans með sjálfsmatsaðferðum skólans, *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* Matsniðurstöður og leiðir til umbóta í þeim þáttum sem lagðir voru fyrir eru birtar í þessari skýrslu.

Allt starfsfólk kom að sjálfsmati skólans.

## Um Varmahlíðarskóla

Varmahlíðarskóli er í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og er rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Upptökusvæði skólans er í stuttu máli Varmahlíð og dreifbýli í framanverðum Skagafirði en auk þess koma nokkrir nemendur skólans frá öðrum svæðum. Frá haustinu 2006 hafa allir grunnskólanemendur úr Akrahreppi sótt skóla í Varmahlíð. Allir nemendur utan göngufæris við skólann eru í daglegum skólaakstri. Í lok skólaársins voru nemendur skólans 103. Heildarfjöldi starfsmanna var 34, ýmist í hluta- eða fullu starfi. Að auki voru tveir starfsmenn ráðnir í afleysingar tímabundið. Í starfsáætlun skólans og ársskýrslu má sjá fjölda nemenda eftir árgöngum svo og upplýsingar um starfsmenn og stöðugildi.

**Virðing, metnaður og vellíðan** eru leiðarljósín í skólastarfi Varmahlíðarskóla. Við höfum þá trú að með því að rækta virðingu, gleði, vináttu, heilbrigði og ábyrgð í skólastarfi leggjum við grunn að því að nemendur öðlist sjálfstraust til að takast á við nám sitt af metnaði og alúð og séu vel undir framtíðina búnir. Við leggjum ríka áherslu á velferð allra nemenda í leik og starfi.

Skólastarf hefst kl. 8:15 á morgnana. Akstursleiðir skólaaksturs eru fimm. Nokkuð breytilegt er milli vikudaga hversu langur skóladagurinn er. Í skólanum er ekið mótuneyti og þar fá allir nemendur og þeir starfsmenn sem þess óska, morgun- og hádegisverð daglega og miðdegisdrykk á fimmtudögum.

Á fimmtudögum eru tækifæri til félagsstarfa aðra hverja viku fyrir eldri nemendur og er nemendum ekið heim að þeim loknum. Einnig gefst eldri nemendum kostur á félagsstarfi á vegum Félagsmiðstöðvarinnar Friðar, utan Varmahlíðar. Diskótek eru haldin á fjögurra til sex vikna fresti fyrir eldri nemendur á vegum skólans. Haldnar eru tvær

bekkjarskemmtanir fyrir hvern bekk á hverju skólaári í umsjón umsjónarkennara. Félagisstörf yngri nemenda hafa verið í höndum umsjónarkennara.

Foreldrafélag starfar við skólann og hefur það komið að starfi skólans með ýmsum hætti. Bekkjarfulltrúar foreldra voru skipaðir á aðalfundi í haust.

Tónlistarskóli Skagafjarðar hefur um árabíl haft aðsetur í Varmahlíðarskóla. Nemendur skólans eiga kost á að sækja tónlistarkennslu á skólatíma. Í vetur sóttu tæplega 50 nemendur Varmahlíðarskóla tónlistarnám sitt á skólatíma. Er það talið auka gæði náms, fjölbreytileika í skólastarfi og telst til forréttinda að nemendur í dreifbýli eigi kost á að sækja tónlistarnám á skólatíma. Mikil og farsæl samvinna er á milli Varmahlíðarskóla og Tónlistarskóla Skagafjarðar.

Skólahúsnæði Varmahlíðarskóla er staðsett við Birkimel og fer þar fram öll starfsemi skólans. Allir bekkir eiga sína heimastofu en þær eru misstórar. Matsalur er tvísetinn þar sem hann rúmar ekki nemendafjöldann. Tölvuver er með 16 nettengdum tölvum. Smíðar, heimilisfræði, málmsmíði textílennt og myndmennt eiga sínar sérgreinastofur. Það sem upp á vantar er sérstök aðstaða fyrir kennslu í náttúruvísindum. Aðstaða til íþróttar- og sundiðkunar er góð. Sundlaugin er nýtt til sundkennslu allt skólaárið fyrir alla nemendur skólans.

Nemendum í 8., 9. og 10. bekk er boðið upp á valáfanga sem hluta af námi. Nemendum í 10. bekk bauðst valáfangi UTN 103, í samvinnu við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og nýttu 11 af 15 nemendum bekkjarins sér það.

### **Markmið skólastarfs**

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir að markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Grunnskólinn á að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Skólinn skal stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að leiðarljósi að tryggja farsælt skólastarf. Starfshættir skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kærleika, kristilegri arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Hlutverk grunnskólans er að veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar, auka leikni og stuðla að áframhaldandi menntun og þroska hvers og eins. Skólinn stuðlar að sjálfstæðri hugsun og þjálfar nemendur í samvinnu. Varmahlíðarskóli starfar eftir hugmyndafræðinni **skóli án aðgreiningar**. Skólustefna Varmahlíðarskóla byggir á ofangreindum markmiðum auk [Menntastefnu Skaqafjarðar](#).

Sex grunnþættir menntunar eru lagðir til grundvallar í nýrri Aðalnámskrá frá árinu 2011. Þeir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir eru leiðarljós í starfi skólans. Nám, kennsla, samskipti og skólabragur mótast af þessum þáttum og þeir fléttast inn í daglegt starf.

## **Nemendur**

Þetta skólaár voru nemendur alls 103 að vori.

Bekjarhópum var skipt í teymi með sameiginlegum umsjónarkennurum þar sem 1.-2. bekkur voru saman í teymi og 3.og 4. bekkur eitt teymi. 5.-7. bekkur mynduðu eitt teymi og 8. -10. bekkur voru eitt teymi.

Skipting í bekki var eins og hér segir:

1. bekkur	9 nemendur	Umsjón Birgitta Sveinsdóttir og Hafdís Guðlaug Skúladóttir
2. bekkur	9 nemendur	Umsjón Birgitta Sveinsdóttir og Hafdís Guðlaug Skúladóttir
3. bekkur	13 nemendur	Umsjón Sara Gísladóttir og Sigrún Benediksdóttir
4. bekkur	8 nemendur	Umsjón Sara Gísladóttir og Sigrún Benediksdóttir
5. bekkur	13 nemendur	Umsjón Trostan Agnarsson, Þyrey Hlífarsdóttir og Kristvina Gísladóttir
6. bekkur	9 nemendur	Umsjón Þyrey Hlífarsdóttir, Kritsvina Gísladóttir og Trostan Agnarsson
7. bekkur	11 nemendur	Umsjón Kristvina Gísladóttir, Trostan Agnarsson og Þyrey Hlífarsdóttir
8. bekkur	10 nemendur	Umsjón Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir, Ólafur Atli Síndrason og Helga Sigurðardóttir
9. bekkur	6 nemendur	Umsjón Ólafur Atli Síndrason, Helga Sigurðardóttir og Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir



---

10. bekkur	15 nemendur	Umsjón Helga Sigurðardóttir, Ólafur Atli Sindrason og Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
------------	-------------	--

### **Starfsmenn**

Starfsmenn skólans voru 36 á skólaárinu. Stjórnendur voru þrír, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu Kennarar með réttindi voru 15 að meðtöldum stjórnendum og einn leiðbeinandi í hlutastarfi við verkgreinakennslu. Stöðugildi til kennslu voru 12,77. Stuðningsfulltrúar voru fjórir í 3,35 stöðugildum. Skólaliðar og starfsmenn Frístundar voru fimm í 4,31 stöðugildum. Einn þroskaþjálfari var í 85% starfi, námsráðgjafi í 50% starfi, ritari í 80% starfi og húsvörður í fullu starfi. Matráðar voru fjórir í 3,4 stöðugildum.

## Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Varmahlíðarskóli hefur byggt sjálfsmat sitt á skoskri sjálfsmatsaðferð, **How good is our school**. Aðferðin hefur verið endurskoðuð og uppfærð í gegnum árin. Þrisvar sinnum hafa uppfærslurnar verið þýddar yfir á íslensku árin 1999, 2010 og nú síðast vorið 2016. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddi nýjustu (fjórðu) útgáfu Skotanna af sjálfsmatskerfinu með tilstyrk frá Erasmus+, menntaáætlun Evrópusambandsins. Nefnist efnið nú í íslenskri þýðingu: **Hversu góður er grunnskólinn okkar?**

Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem notaður er (sjá viðauka 1). Í sjálfsmatskerfinu **Hversu góður er grunnskólinn okkar?** byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. Forysta og stjórnun
2. Námskilyrði
3. Velgengni og árangur

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. Hvernig stöndum við okkur?
2. Hvernig vitum við það?
3. Hvað gerum við næst?

Einkunnagjöf er á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 eða **mjög gott**, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólastarfsins. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka II.

### Framkvæmd matsins:

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið **Hversu góður er grunnskólinn okkar?** byggir á.

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Tvö matseyðublöð fylgja hverjum gæðagreini, annars vegar

*dæmi um gæðaviðmið* og hins vegar *dæmi um gagnlegar spurningar* sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólastarfi á hverjum stað.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefa þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu, sjá viðauka II. Matsaðilar koma sér svo saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreininn sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

**Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* í fjórum skrefum:**

1. **Skilgreining lykilþátta**, undirþátta eða þema eftir því sem við á.
2. **Skilgreining viðmiða**, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða **framúrskarandi**. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila.
3. **Greining sterkra þátta í skólastarfi, svo og þátta sem þarfnast umbóta**, umsögn og einkunnagjöf.
4. **Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn**, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.
5. **Eftirfylgni umbóta**.

## Sjálfsmat starfsfólks veturinn 2020-2021

Á skólaárinu voru gæðagreinar lagðir fyrir til mats skv. þriggja ára matsáætlun. Starfsfólk vann á þremur matsfundum þar sem teknir voru fyrir tveir matþættir í hvert sinn. Niðurstöður matsþátta eru settar fram í tímaröð fundanna.

Í febrúar á fyrsta matsfundi voru lagðir fyrir starfsmenn gæðagreinarnir, 1.2 um Forystu í skólastarfi og 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni. Á öðrum fundi kennara, þroskajálfa og stuðningsfulltrúa var lagður fyrir 2.3 Nám og kennsla. Í mars var lagður fyrir starfsmenn gæðagreinir 2.1 Nemendavernd. Í maí voru lagðir fyrir gæðagreinarnir 1.1 um Umbótamiðað sjálfsmat og 1.3 um Breytingastjórnun. Starfsmönnum sem mátu gæðagreinana var skipt í hóp á í hvert sinn sem unnið var.

<b>Matþættir úr sjálfsmatsefninu Hversu góður er grunnskólinn okkar?</b>
1.2 Forysta í skólastarfi
1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni
2.3 Nám, kennsla og námsmat
2.1 Nemendavernd
1.1 Umbótamiðað sjálfsmat
1.3 Breytingastjórnun

<b>Matsfundur 04.02.2021</b>	<b>Einkunnagjöf</b>
1.2 Forysta í skólastarfi	4, 4-5,4
1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	3, 4, 4

### **Mat á gæðagreinini 1.2 Forysta í skólastarfi**

Gæðagreinirinn var metinn af þremur, fimm til sex manna hópum alls starfsfólks á starfsmannafundi 4. febrúar 2021

Starfsmenn meta það sterkan þátt að við nýturum umbótaáætlanir til þess að sjá hvar við getum bætt okkur. Þeir telja að við leggjum okkur fram um að eiga faglegar samræður til að bæta okkur í starfi og stuðla að bættum námsárangri og námsumhverfi nemenda. Starfsmenn telja að fagleg vinna sé unnin innan stofnunarinnar. Að þeirra mati reynum við okkar besta til að styðja við nemendur í námi og bæta árangur þeirra. Þeir segja við sköpum góða námsmenningu fyrir nemendur, við vinnum saman í teyllum, við öflum okkur upplýsinga og fróðleiks og eigum faglega samræðu.

Þeir þættir sem mætti bæta er tengjast þessum gæðagreini er að nýta betur fagþekkingu hvers annars á markvissan hátt. Starfsmenn geta þess að við þurfum að gera nemendur meðvitaðri um framvindu og markmiðasetningu í eigin námi. Fram kemur að nemendur séu vanir of mikilli mötun og auka mætti ábyrgð þeirra í námi og gera þá sjálfstæðari. Einnig kemur fram það mat að áætlanir sem keyra nemendur áfram geti verið hamlandi fyrir námsframvindu.

Starfsmenn eru sammála um að nýta megi styrkleika hvers og eins til þess að miðla þekkingu okkar á milli. Að efla þurfi nemendur í ábyrgð á eigin nám og auka sjálfstæði þeirra í vinnubrögðum. Þannig verði þeir virkari í eigin námi.

### ***Mat á gæðagreini 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni***

Gæðagreinirinn var metinn af þremur, fimm til sex manna hópum alls starfsfólks á starfsmannafundi 4. febrúar 2021

Helstu niðurstöður starfsfólks eru að öryggisteymi skólans sé virkt og starfsmenn sækir sér endurmenntun reglulega. Það er álit starfsmanna að skólinn reyni að huga að velferð allra nemenda og reyni að fremsta megni að koma til móts við einstaklingsþarfir þeirra varðandi nám og líðan. Í máli starfsmanna kemur fram að þeir leggi sig fram um að bæta gæði náms og reyni að nýta húsnaði skólans og umhverfi eftir fremsta megni. Aðgangur að verkefnastjórum í tæknikennslu er talin kostur en um leið nefnt að aðgengi að námskeiðum mætti vera betra.

Starfsfólk telur að meira gagnsæi mætti vera í fjármálum skólans. Einnig metur starfsfólk að hægt sé að nota útikennslusvæði og nærumhverfi skólans betur. Brunæfingar eru of fátíða að mati starfsfólks og bæta mætti úr því að hafa mannbrodda fyrir starfsmenn sem

eru úti með nemendum. Stafsmenn nefna að gagnrýna megi það að fjármunum sé misskipt milli skóla í Skagafirði. Einn hópur nefnir að stundum fái tillögur að umbótum skilvakra afgreiðslu en í sumum tilfellum þurfi að bíða lengi.

Matsfundur 23. Febrúar 2021	Einkunnagjöf
2.3 Nám og kennsla	4,4,4,4,4

### **Mat á gæðagreini 2.3. Nám og kennsla**

Gæðagreinirinn var metinn af fimm fjögurra manna hópum kennara og stuðningsfulltrúa á starfsmannafundi 23. feb. 2021.

Að mati starfsmanna erum við góð í áætlanagerð og námsmatsaðferðum. Námsumhverfið er hvetjandi og allir nemendur eru hvattir til þátttöku. Rætt er við nemendur um tilgang námsins. Kennarar, stuðningsfulltrúar og þroskaþjálfari meta að við séum tæknivædd og hvetjum nemendur til að nýta sér tæknina við nám sitt. Styrkleiki okkar liggur í teymisfundum, skýrum námsmarkmiðum og áætlanagerð. Nærsamfélagið er notað til náms.

Þættir sem má bæta eru að gera nemendur að meiri þátttakendum í náminu og bera meiri ábyrgð á því. Einnig er nefnt að upplýsa megi nemendur betur um námsmarkmið. Nýta mætti niðurstöður samræmdra prófa betur til að bæta kennsluna. Einnig mætti hvetja nemendur til nýsköpunar við námsmat. Jafningjamat mætti nota markvissara. Við gætum eftt okkur í að nota nærumhverfi og útikennslusvæði betur með markvissum hætti.

Kennarar, þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúar eru sammála um að leiðbeina nemendum eftir fremsta megni. Efla sjálfstæði og vönduð vinnubrögð nemenda.

<b>Matsfundur 17. mars 2021</b>	<b>Einkunnagjöf</b>
2.1 Nemendavernd	4-5, 5, 4, 5

### **Mat á gæðagreini 2.1. Nemendavernd**

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum hópum kennara, þroskaþjálfra og stuðningsfulltrúa á starfsmannafundi 17. mars 2021.

Sterku hliðar okkur í þessum gæðagreini er að allir nemendur frá jöfn tækifæri til náms og starfa innan skólans óháð kyni. Málefnum nemenda er fylgt eftir ef þau eru tekin upp í nemendarverndarráði. Farið er með öll trúnaðargögn og upplýsingar á faglegan hátt. Allir eru meðvitaðir um ábyrgð sína gagnvart nemendum. Allir í skólasamfélaginu stuðla að góðum skólabrag og skólamenningu. Nemendur geta verið vissir um að kvartanir þeirra eru teknar til umræðu og brugðist er við þeim eftir atvikum.

Þættir sem mætti bæta eru að stundum vantar upp á að starfsfólk fái nauðsynlegar upplýsingar varðandi nemendur. Starfsmenn telja að nemendur upplifi stundum að það sé ekki hlustað á þá, þrátt fyrir að þeir hafi vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri. Kennurum, þroskaþjálfra og stuðningsfulltrúum finnst að þeir fái ekki nægilega þjálfun til að vernda nemendur varðandi netöryggi og ábyrga netnotkun. Starfsmenn nefna að leiðsögn og stuðningur mætti vera betri. Einnig er tekið til að reglur um leyfisbeiðnir nemenda mættu vera strangari og það gæti stuðlað að aukinni virðingu fyrir skólanum.

Þeir starfsmenn sem mátu þennan gæðagreini eru sammála um að gæta þurfi öryggis með öll trúnaðargögn en jafnframt að gæta þess að starfsfólk fái nauðsynlegar upplýsingar til að geta sinnt starfi sínu á faglegan hátt. Mikilvægt er að hlusta á raddir nemenda og að þeir finni að tekið sé mark á þeim.

Í athugasemdum um gæðagreininn kom fram að hluti starfsmanna vissi ekki hvað er rætt á nemendarverndarráðsfundum og því ekki hvernig eftirfylgni mála er. Í framhaldi af þessari athugasemd boðaði skólastjóri til starfsmannafundar þar sem farið var yfir nemendarvernd í víðum skilningi og hlutverk hvers starfsmanns þar. Sérfræðingur á fjölskyldusviði sat fundinn og tók við fyrirspurnum ásamt skólastjóra.

<b>Matsfundur 11. maí 2021</b>	<b>Einkunnagjöf</b>
1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	4, 5, 5
1.3 Breytingastjórnun	4, 4, 4

### **Mat á gæðagreiðni 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat**

Gæðagreinirinn var metinn af þremur fjögurra og fimm manna hópum kennara og stuðningsfulltrúa starfsmanna 11.05.2021

Starfsmenn nefndu það sem sterkan þátt að þrátt fyrir að innan skólans starfi ólíkir hópar þá stöndum við saman þegar á reynir. Að mati starfsmanna nýtum við sjálfsmatið nokkuð vel til samvinnu og þróunar.

Þættir sem mætti bæta að mati starfsfólks er að fara reglulega yfir þróunaráætlanir með starfsfólki og kynna hvað hefur áunnist. Einnig nefna starfsmenn að hægt sé að bæta upplýsingagjöf milli ólíkra starfshópa og stiga. Nefnt er í því sambandi að stigin séu dugleg að vinna saman en ekki endilega að miðla upplýsingum til annarra hópa. Fram kom sú tillaga að halda ætti áfram með að senda föstudagspósta til að auka upplýsingagjöf. Tekið var fram að starfsmenn ættu að virða trúnað við nemendur og starfsfólk.

Þeir starfsmenn sem mátu þennan gæðagreiðni eru sammála um að eftir að farið var að vinna sjálfsmat þá eru starfsmenn meðvitaðir um hvað má betur fara og úrbætur séu sýnilegri.

Í athugasemdum um gæðagreininn kom fram að upplýsingaflæði mætti vera betra og að jafningjamat er ekki notað eins og skyldi.

### **Mat á gæðagreiðni 1.3 Breytingastjórnun**

Gæðagreinirinn var metinn af þremur fjöggura og fimm manna hópum starfsmanna 11.05.2021

Sterkar hliðar sem starfsfólk nefnir að allt starfsfólk geri sér grein fyrir styrkleikum skólans og í starfsmannahópnum séu leiðtogar sem leiða stefnumótun og breytingar.



Skólinn er vel á veg kominn í tæknivæðingu og hefur góðan stuðning til að sinna henni. Starfsmenn eru meðvitaðir um sýn og gildi skólans og fylgir þeim eftir bestu getu. Nefnt er að horft sé til framtíðar þegar ákvarðanir eru teknar. Starfsfólk nefnir að áhersla sé lögð á sköpunargáfu og nýbreytni með fjölbreyttum valgreinum. Einnig er það styrkleika að nemendur séu upplýstir um þau markmið sem þeir þurfi að ná.

Þættir sem mætti bæta að mati starfsfólks er að búa til markviss tækifæri til að miðla þekkingu sín á milli. Huga mætti að því að virkja allt skólasamfélagið til ígrundunar um framtíðarsýn, markmið og gildi. Það verkefni ætti að vera í höndum fræðslustjóra og fræðslunefndar.

Þeir starfsmenn sem mátu þennan gæðagreinini eru sammála um er að sýn skólans er metnaðarfull og tekur mið að þörfum allra nemenda. Starfsfólk er metnaðarfullt, gerir sér grein fyrir styrkleikum skólans og nýtir sóknarfæri til að móta umbætur til framtíðar.

Í athugasemdum um gæðagreininn kom fram að í sýn skólans mætti beina sjónum að þörfum sem koma upp. Ákall er um að nauðsynlegt sé að virkja allt skólasamfélagið til ígrundunar um framtíðarsýn.

Nefndur var fundur sem haldinn var til að fara yfir það sem búið var að lagfæra eftir þróunaráætlunum, sem að mati starfsfólks var gott.

## Umbótaáætlanir skólaársins 2020-2021 - starfsfólk

<b>1.2 Forysta í skólastarfi</b>
Hvað þarf að gera ?
Skapa tækifæri fyrir jafningjafraeðslu. Áætla tíma reglulega á mánaðarskipulagi.
Hægt að mynda faghóp til að halda utan um endurmenntun.
Auka ábyrgð nemenda í eigin námi.
Taka upp samræður á öllum stigum um að efla nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum- frá byrjun.
Hafa einhverjar bjargir til verksins – t.d. aðgerðaráætlun.
Byrja sem fyrst að vinna í sjálfstæði nemenda.
<b>1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni</b>
Hvað þarf að gera ?
Hafa meira gagnsæi í fjármálum skólans.
Nýta útikennslusvæðið og nærumhverfi skólans betur.
Nota umhverfið meira við kennslu.
Öryggis-og heilsuátt má alltaf bæta og gera betur (t.d. brunavarnir, hreyfing starfsmanna, opnun sundlagar fyrir kennslu a.m.k. einu sinni í viku kl. 7
Stuðla að því að starfsmenn komist á fleiri námskeið.
<b>2.1 Nemendavernd</b>
Hvað þarf að gera ?
Að auka þekkingu starfsfólks á leiðum til að tryggja örugga netnotkun og netþekkingu nemenda. Fá fyrirlesara.
Hlusta á raddir nemenda. Gera meira með þær athugasemdir sem koma frá nemendum.
Að starfsfólk fái nauðsynlegar upplýsingar um nemendur.
Hafa reglulega yfirferðafundi sem eru sameiginlegir með öllum stigum.
Betra upplýsingaflæði frá nemendavernd um stöðu nemendamála.
Netöryggi - upplýsingar/þjálfun fyrir starfsmenn
<b>2.3 Nám og kennsla</b>
Hvað þarf að gera ?
Purfum að gera nemendur meiri þátttakendur og bera ábyrgð á sínu eigin námi.
Purfum að bæta við útikennslunámið.
Þarf að lagfæra útikennslusvæðið.
Þarf að vera oftast jafningjamat.
Kynna niðurstöður menntarannsóknna og samræmdra prófa fyrir öllum kennurum.
Skipuleggja framvindu náms með það að markmiði að undirbúa nemendur undir það sem framundan er í kennslunni.
Nýta nærumhverfi skólans og útikennslusvæði með markvissum hætti.
Notast við leiðsagnarmat með markvissum hætti til að gera nemendur meðvitaðri um nám sitt.
Hvetja og hrósa, nemendur sem þeir gera vel í skóla og utan hans.
Það þarf að kenna nemendum sjálfstæð vinnubrögð strax á fyrsta skólaári
Að virkja nemendur til sjálfstæðis á grundvelli grunnþátta menntunar.
Eiga samtal við nemendur einstaklingslega.
Fá nemendur með í markvissa ákvarðanatöku um eigið nám.
<b>1.1 Umbótamiðað sjálfsmat</b>
Hvað þarf að gera ?
Halda áfram að senda föstudagspóstana um hvað hefur verið að gerast og hvað er á döfinni.
Koma upplýsingum um nemendur á framfæri við allt starfsfólk.
Jafningjamat.
Bæta upplýsingaflæði á milli hópa.
Að koma á samstarfs- og rýnihópum um gæði kennslu.
<b>1.3 Breytingastjórnun</b>
Hvað þarf að gera ?
Skapa markviss tækifæri til að miðla þekkingu okkar og læra hvert af öðru.

Halda bekkjarfund þar sem þessar áherslur eru kynntar.
--

Læra meira hvert af öðru.
---------------------------

Skapa svigrúm til jafningjafraeðslu.
--------------------------------------

## Skólapúlsinn

Á skólaárinu var nemendakönnun lögð fyrir með vefkerfi Skólapúlsins, sjöunda árið í röð. Ákveðið var árið 2018 að framvegis verði foreldra- og starfsmannakönnun lagðar fyrir annað hvert ár. Nú í ár var lögð fyrir starfsmannakönnun. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikði 2. Viðmiðunarreglan er sú að meðaltalsmunur upp á 0,5 stig á staðalníukvarða telst *ekki mikill munur*, munur upp á 1,0 stig telst *töluverður munur* og munur upp á 1,5 stig telst *mikill munur*. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Í sumum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn foreldrakönnunar árið 2012-2013 og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf foreldra í grunnskólum skólaárið 2012-2013. Viðmið nemendakönnunar voru uppfærð í upphafi skólaárs 2015 og því merkir talan 5 dæmigerðan nemenda skólaársins 2014-2015.

Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur og viðkomandi matsþáttur merktur með stjörnu og bláum lit. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu. Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin niðurstöðu annarra skóla er munurinn ekki birtur. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar. Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins.

### Skólapúlsinn nemendakönnun

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir alla nemendur í 6. – 10. bekk í Varmahlíðarskóla í október sl. Nemendakönnunin skiptist í þrjá lykilþætti, þeir eru: *virgni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi*. Í úrtaki voru 51 nemendur og af þeim svoruðu 48, þannig að svarhlutfall var 94,1%. Niðurstöður könnunarinnar gefa vísendingar um stöðu nemenda í skólanum miðað við stöðu nemenda í öðrum skólum á landinu. Einnig er hægt að bera niðurstöður innan skólans saman á milli skólaára. Viðmiðunartalan 5 merkir dæmigerðan nemanda á skólaárinu 2014-2015. Viðmiðunarreglan er sú að 0,5 stig telst lítil munur, 1,0 stig telst töluverður munur og 1,5 stig telst mikill munur. Hér má sjá yfirlit yfir stöðu matsþátta og almenna umfjöllun um hvern efnisflokk.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Virgni nemenda í skólanum</b>				
1.1 Ánægja af lestri	4,9	46	4,6	0,3
1.2 Þrautseigja í námi	4,6	46	4,6	0,0
1.3 Áhugi á stærðfræði	5,0	46	4,9	0,1
1.4 Ánægja af náttúrufræði	4,8	46	4,7	0,1
1.5 Trú á eigin vinnubrögðum í námi	4,1	46	4,5	-0,4*
1.6 Trú á eigin námsgetu	4,5	46	4,5	0,0

Í lykilþættinum virgni nemenda í skólanum mælast allir þættir nema einn nálægt landsmeðaltali. Þrír þættir eru aðeins yfir landsmeðaltali en þó ekki marktækt. Allir þættir í þessum lið mælast lægri en árið áður bæði hér í skólanum og á landsmeðaltali.

Einn þáttur mælist marktækt undir landsmeðaltali en það er þátturinn *trú á eigin vinnubrögðum í námi*. Þátturinn mældist 4,6 í fyrra og var þá undir landsmeðaltali þó ekki marktækt en mælist nú 4,1.

Þátturinn *þrautseigja í námi* sem mældist undir landsmeðaltali í fyrra mælist nú eins og landsmeðaltal. Þátturinn *trú á eigin getu* mælist einnig eins og landsmeðaltal í ár.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Líðan og heilsa</b>				
2.1 Sjálfsálit	4,4	46	4,2	0,2
2.2 Stjórn á eigin lífi	4,4	46	4,4	0,0
2.3 Vellíðan	5,0	46	4,4	0,6*
2.4 Áhyggjur og stress - ástæður	-	11	-	-
2.5 Einelti	4,9	46	5,6	-0,7*
2.6 Tíðni eineltis	8,7%	4/46	14,0%	-5,3%
2.7 Staðir eineltis	-	4	-	-
2.8 Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	53,3%	24/45	43,2%	10,1%

Í flokknum *líðan og heilsa* mælast tveir þættir yfir landsmeðaltali í ár. Annar þátturinn snýr að *vellíðan* nemenda en sá þáttur mælist hærri en landsmeðaltalið og mælist aðeins hærri en í fyrra. Þátturinn *einelti* er einnig marktækt lægri sá þáttur mælist þó hærri en í fyrra innan skólans. Þátturinn *stjórn á eigin lífi* mælist nú við landsmeðaltal en séu niðurstöður skólans bornar saman við niðurstöðu síðustu könnunar þá mælist hann örlítið lægri. Matsþátturinn *sjálfsálit* mælist örlítið hærri en landmeðaltal en er þó aðeins lægri en þátturinn mældist innan skólans í fyrra.

Einungis 4 nemendur af 46 svara spurningunni *tíðni eineltis* en sá þáttur mælist lægri hér í skólanum en á landsvísu en þó ekki marktækt.

24 nemendur af 46 svara spurningunni *tíðni hreyfingar*, sá þáttur mælist hærri en á landsvísu en þó ekki marktækt. Þátturinn mælist hærri nú innan skólans en fyrra ár.

*Einelti* mælist marktækt undir landsmeðaltali í ár og örlítið hækkað miðað við niðurstöður innan skólans frá síðasta skólaári. *Tíðni eineltis* mælist 8,7% sem er -5,3% lægra en landsmeðaltalið. Fjórir nemendur í 6. – 10. bekk segjast hafa orðið fyrir einelti skv. Skólapúlsinum þar af einn einu sinni á sl. 30 dögum. Skilgreining á einelti skv. Skólapúlsinum samræmist hins vegar ekki skilgreiningu á einelti skv. eineltisáætlun Olweusar sem skólinn starfar eftir. Í Skólapúlsinum getur nemandi svarað því til að hann hafi orðið einu sinni fyrir einelti á 30 daga tímabili, og flokkast það sem einelti í könnun Skólapúlsins. Í Olweusaráætluninni er einelti hins vegar ekki skilgreint sem slíkt nema nemandi hafi orðið fyrir því tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar. Samkvæmt Olweusaráætluninni væri skilgreining á niðurstöðu Skólapúlsins því sú að þrír nemendur hafi verið lagðir í einelti.

Mælingar varðandi hollt mataræði og neysluvenjur nemenda mælast eins og landsmeðaltal. Þátturinn mælist örlítið hærri en í fyrra, nú er hann 4,6 en í fyrra mældist þátturinn 4,4.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Skóla- og bekkjarandi</b>				
3.1 Samsömun við nemendahópinn	5,3	46	4,8	0,5*
3.2 Samband nemenda við kennara	5,0	46	4,9	0,1
3.3 Agi í tímum	5,6	46	4,9	0,7*
3.4 Virk þátttaka nemenda í tímum	4,7	46	5,0	-0,3
3.5 Tíðni leiðsagnarmats	4,6	46	5,0	-0,4

Í flokknum skóla- og bekkjarandi mælast tveir þættir marktækt yfir landsmeðaltali þ.e. agi í tímum sjötta árið í röð og samsömun við nemendahópinn sem mældist hærri en landsmeðaltal í fyrra en ekki marktækt. Samband nemenda við kennara mælist hærri en landsmeðaltal en ekki marktækt. Sá þáttur lækkar þó milli ára innan skólans. Tveir þættir virk þátttaka nemenda í tímum og tíðni leiðsagnarmats mælast lægri en landsmeðaltal. Báðir þættirnir mælast líka lægri milli ára innan skólans.

### **Skólapúlsinn starfsfólk**

Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstendur af svörum starfsmanna þeirra grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni og náðu viðundandi svarhlutfalli. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu og í þeim var stór hluti allra starfsmanna grunnskóla á landinu. Svarhlutfall í Varmahlíðarskóla var 93,9% en alls svaraði 31 starfsmaður könnuninni. Könnunin mælir þættina starfið, starfsmenn, vinnustaðurinn og stjórnun sem allir starfsmenn svara. Kennarar svara auk þess tveimur öðrum efnisflokkum en þeir eru um *kennarastarfið*, og *starfsumhverfi kennara*. Hver efnisflokkur skiptist svo niður í mismarga matsþætti.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Allir starfsmenn - Starfið</b>				
Vinnuálag	4,1	31	4,7	-0,6*
Skýrleiki hlutverks	4,7	30	5,1	-0,4*
Ágreiningur um hlutverk	4,8	31	4,7	0,1
Jákvæðar áskoranir í starfi	4,8	31	5,1	-0,3

Starfsmenn skólans meta vinnuálagið marktækt minna en í viðmiðunar skólunum. 3.2% starfsmanna telja að óreglulegt vinnuálag valdi því að verkefnin safnist upp. 76.6% starfsmanna segjast þurfa að vinna á miklum hraða stundum eða fremur oft. 61,3% segjast stundum hafa of mikið að gera.

Marktækur munur er á upplifun starfsmanna Varmahlíðarskóla um skýrleika hlutverka starfsmanna. 33,3% starfsmanna telja sig mjög oft eða alltaf vita nákvæmlega til hvers er ætlast af þeim. Þetta er lægra en landmeðaltal.

Þátturinn jákvæðar áskoranir í starfi mælist lægri en landsmeðaltal en þó ekki marktækt. 61,3% starfsmanna upplifir starf sitt mikilvægt mjög oft eða alltaf, það er ívið lægra hlutfall en á landsvísu.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Allir starfsmenn - Starfsmenn</b>				
Leikni í starfi	4,7	31	45,1	-0,4*
Skuldbinding til vinnustaðarins	4,4	31	5,2	-0,8*
Skörun vinnu og einkalífs	4,4	31	4,8	-0,4

Þátturinn leikni í starfi mælist marktækt lægri en landsmeðaltal og einnig þátturinn skuldbinding til vinnustaðarins. Í svörum við spurningunum um gæði vinnunnar, afköst og færni svara fleiri starfsmenn hér í skólanum fremur oft og færri starfsmenn miðað við landsmeðaltal merkja við valkostinn mjög oft eða alltaf.

Skuldbinding til vinnustaðarins er marktækt minni hér en á landsvísu. 25,8% starfsmanna segjast vera mjög sammála að þeir segi vinum sínum að vinnustaðurinn sé góður á meðan 54% starfsmanna á landsvísu svara á þá leið.



Þegar horft er til spurningarinnar um hvort gildi vinnustaðarins samræmist gildum starfsmanna eru 6,5% sem svara mjög sammála en það hlutfall er mun lægra en á landsvísu. Þegar spurt er um hvort vinnustaðurinn sé hvatning til að standa sig vel svara 22,6% starfsmanna mjög sammála.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Allir starfsmenn - Vinnustaðurinn</b>				
Starfsandi	4,3	31	5,3	-1,0*
Ánægja með vinnuaðstöðu	3,9	30	5,0	-1,1*
Stuðningur frá samstarfsfólki	4,6	31	5,3	-0,7*
Stuðningur við nýsköpun	4,2	31	5,2	-1,0*
Mismunun	4,9	31	4,8	0,1
Einelti (þú)	0%	0/30	3,9%	-3,9%
Einelti (annar en þú)	14,3%	4/28	10,6%	3,7%
Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	7,1%	2/28	4,6%	2,5%

Starfsandi mælist staðalfráviki frá landsmeðaltali og er lægri en í síðustu mælingu fyrir tveimur árum. Hlutfall þeirra sem svara að starfsandinn sé nokkuð styðjandi er mun hærra hér en í samanburðar skólum. Ennfremur er minna hlutfall starfsmanna hér sem svara að hann sé fremur mikið styðjandi eða 32,9% og einungis 12% svara mjög mikið styðjandi.

22,6% starfsmanna telja að starfsandinn einkennist að nokkru leyti að tortryggni og vantrausti. 32,3% starfsmanna skólans velja valkostina *að mjög litlu leyti* eða *alls ekki*, en það er mun lægra hlutfall en mælist á landsvísu.

Þegar spurt er um hvort starfsandinn sé afslappaður og þægilegur eru 3,2% starfsmanna sem svara *mjög mikið* en á landsvísu svara 24,7% þeim lið.

Ánægja með vinnuaðstöðuna mælist mun lægri í Varmahlíðaskóla en á landsvísu. 3,3% starfsmanna er mjög ánægður með aðstöðuna en 21,3% svara þannig í viðmiðunar skólum. Spurningin hefur breyst frá því síðast en þá var spurt um starfsumhverfi í skólanum og þá var niðurstaðan hærri en landsmeðaltal.

Stuðningur við nýsköpun mælist staðalfráviki frá landsmeðaltali. Starfsmenn Varmahlíðarskóla velja síður þættina *fremur oft* og *mjög oft* þegar spurt er um hvatningu til að koma með tillögur að úrbótum, 38,8% starfsmanna svara því en á landsvísu er prósentuhlutfallið 64,4%. Þegar spurt er um samskipti segja 25,5 % starfsmanna að mjög oft eða alltaf séu þau í góðu lagi en á landsvísu eru það 50,6% svarenda sem svara þeim lið.

Einelti mælist ekki þegar starfsmenn eru spurðir um hvort þeir hafi verið lagðir í einelti. Fjórir starfsmenn telja hins vegar að þeir hafi séð aðra starfsmenn vera lagða í einelti.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Allir starfsmenn - Stjórnun</b>				
Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,0	30	5,4	-0,4
Sanngjörn forysta	4,8	30	5,3	-0,5
Valdeflandi forysta	4,8	30	5,3	-0,5*
Ræktun mannauðs	4,8	29	5,3	-0,5*

Stuðningur frá næsta yfirmanni mælist lægri en landsmeðaltal, svo og sanngjörn forysta. Munurinn mælist þó ekki marktækur.

Þátturinn valdeflandi forysta mælist marktæk undir viðmiðunarskólum. Þegar svör við spurningu um hvort næsti yfirmaður hvetji starfsfólk til þess að taka þátt í mikilvægum ákvörðunum, svara 6,7% *mjög oft* eða *alltaf* en í viðmiðunarskólum svara 28% svarenda þeim lið. Þegar litið er til spurningarinnar um að yfirmaður hvetji starfsmenn til að láta vita séu þeir á annarri skoðun svara mun færri valmöguleikunum *fremur oft* og *mjög oft* eða 40,9% á móti 59,1% í landsmeðaltali.

Svörun við þættinum ræktun mannauðs er marktækt lægri en á landsvísu. Þegar rýnt er í svör við spurningu um umbun fyrir vel unnin störf svara 27,6% *fremur oft* eða *mjög oft* en á landsmeðaltali svara 39,9% þeim valmöguleikum.

Þegar spurt er um hvort hugsað sé vel um starfsmenn svara 17,2% *mjög oft* eða *alltaf* og 51,7% *fremur oft*. Á landsvísu er svörunin við sömu liðum 36,7% *mjög oft* eða *alltaf* og 41% *fremur oft*.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Kennarar - Kennarastarfið</b>				
Ánægja með kennarastarfið	4,3	13	5,0	-0,7*
Trú kennara skólans á eigin getu	5,2	13	5,0	0,2
Upplýsingamiðlun til foreldra	3,9	10	5,0	-1,1
Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku (mín.)	34,1	11	41,2	-7,1 mín.
Undirbúningur kennslu í skólanum (%)	61,5%	8/13	69,3%	-7,8%*
Einstaklingsmiðuð kennsla	27,3%	3/11	55,5%	-28,2%
Áhersla kennara á námsmat með prófum	30,%	3/10	13,5%	16,5%
Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	84,6%	11/13	78,4%	6,2%

Þegar spurt er um ánægju með kennarstarfið mælist sá þáttur marktækt undir landsmeðaltali. Þegar skoðuð eru svör við spurningunni um hvort kennarahópurinn sé ánægður í starfi svara 90% kennara valkostinum *frekar sammála* og enginn *mjög sammála*. Þegar spurt er um eldmóð í starfi eru fleiri kennarar Varmahlíðarskóla á þeirri skoðun að hafa haft meiri eldmóð þegar þeir byrjuðu að kenna en núna. Það er hærra hlutfall en á landsvísu.

Trú kennara á eigin getu mælist nálægt svörum úr viðmiðunar skólum.

Upplýsingamiðlun til foreldra er ívið lakari miðað við landið. Ef skoðuð eru svör kennara merkja þeir oftast við valkostinn 1-3 skipti en kennarar í landsmeðaltali þegar spurt er um hversu oft þeir ræði við foreldra um námsárangur og hegðun nemenda sinna.

Að mati kennara Varmahlíðarskóla verja nemendur styttri tíma í heimanám en kennarar í landsmeðaltali svara um ætlaðan tíma til heimanáms. Munurinn mælist 7,1 mínúta, þar sem nemendur skólans eru taldir verja 34,1 mín í heimanám á meðan landsmeðaltal mælist 41,2 mín.

Marktækur munur mælist á styttri undirbúningi kennara hér í skólanum fyrir kennslustundir þar sem þeir 61,5% segjast undirbúa sig aðallega í skólanum en 38,5% segjast undirbúa sig jafnt heima og í skólanum.

Þegar spurt var um einstaklingsmiðaða kennslu svara 54,5% kennara að stundum skipuleggi þeir kennsluna með tilliti til ólíkra þarfa nemenda. Því mælist einstaklingsmiðun minni hér en mælist í viðmiðunar skólunum.

Kennarar hér mælast hærra í þættinum að fylgjast með framförum nemenda með prófum en á landsvísu. 22,2% kennara hér segjast leggja mikla áherslu á hefðbundin próf en aðeins 5,6% kennara á landsvísu.

Þegar spurt er um mat á vinnu nemenda með öðrum hætti en prófum svara 61,5% kennara því að þeir leggja mikla áherslu á faglegt mat sitt á vinnu nemenda og 38,5% nokkra áherslu.

Jafningjamat og sjálfsmat fá lága svörun þ.e. 70% kennara leggja litla eða enga áherslu á jafningjamat og 87,5% leggja litla eða enga áherslu á sjálfsmat nemenda.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands-meðaltal	Mismunur
<b>Kennarar - Starfsumhverfi kennara</b>				
Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika	5,9	11	5,4	0,5
Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda	6,1	11	5,4	0,7*
Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	3,9	13	5,0	-1,1*
Samvinna um kennslu	5,3	13	5,4	-0,1

Þegar spurt er um stuðning kennara vegna námserfiðleika nemenda telja kennarar hér í skólanum sig hafa góðan stuðning vegna þeirra nemenda. 91,7% kennara telja sig hafa aðgang að öðru starfsfólki alltaf eða oft og 60% nemenda segjast hafa aðgang að öðru starfsfólki utan kennslustofunnar til stuðnings við nemendur.

Marktækur munur mælist þegar kennarar svara spurningu um stuðning vegna hegðunarörðugleika nemenda. Hér telja kennarar sig hafa góðan stuðning vegna nemenda með hegðunarerfiðleika.

Faglegur stuðningur við kennara mælist marktækt minni en í viðmiðunar skólum. 55,6% kennara svara spurningunni um að skólastjórnendur ræði markmið námsins stundum og 33,3% sjaldan.

Þegar spurt er um hvort skólastjórnendur fylgist með kennslunni í kennslustundum svara 38,5% sjaldan og 53,8% aldrei eða næstum aldrei. Þegar spurt er um vanda í kennslustofunni svara 55,6% að skólastjórnendur hafi sjaldan frumkvæði af því að ræða málin og 33,3% velja valkostinn stundum.

Þegar spurt er um hrós svara 36,4% kennara að skólastjórnendur hrósi sjaldan og 45,5% stundum. Svörun við þessum spurningum er lægri en landsmeðaltal.

## Árleg skimun starfsfólks – niðurstöður

Árleg skimun starfsfólks í Varmahlíðarskóla, maí 2021	1. Ófullnægjandi	2. Slakt	3. Fullnægjandi	4. Gott	5. Mjög gott	6. Framúrskarandi	Svörun	Meðaleinkunn	% með einkunn 4-6 2021	% með einkunn 4-6 2020
Umbótamiðað sjálfsmat er óaðskiljanlegur hluti af skólastarfinu?	0	1	1	7	17	0	26	4.3	92%	96%
Sjálfsmatið hefur áhrif á velgengi og árangur nemenda?	0	0	0	13	9	0	22	3.7	100%	100%
Hvernig metur þú ábyrgð starfsfólks í skólastarfinu?	0	0	0	3	21	1	25	4.2	100%	100%
Hversu ábyrgir eru nemendur gagnvart námi sínu?	0	1	3	14	3	0	21	3.5	81%	77%
Er skólaþróun að skila tilætluðum áhrifum á árangur nemenda?	0	0	1	13	7	0	21	3.5	95%	83%
Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. velferðar starfsfólks?	0	3	4	7	8	0	22	3.7	68%	79%
Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. faglegrar leiðsagnar?	0	0	5	9	11	0	25	4.2	80%	86%
Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. stjóðandi starfsumhverfis?	0	0	6	10	9	0	25	4.2	76%	89%
Hvernig metur þú gagnsæi og sannngmi við nýtingu og úthlutun fjármagns sem skólinn hefur yfir að ráða til að bæta gæði náms og kennslu?	0	1	1	4	6	0	12	2.0	83%	70%
Hversu árangursríkar eru aðferðir okkar sem hafa velferð nemenda að leiðarljósi þ.m.t. nemendavernd og öryggismál?	0	0	0	4	19	0	23	3.8	100%	100%
Hvernig ábyrgjumst við að stefna skólans skv. skólanámskrá sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til nútíma skólastarfs?	0	0	1	8	12	0	21	3.5	95%	95%
Hvernig metur þú gæði náms og kennslu í skólanum?	0	0	0	8	15	0	23	3.8	100%	96%
Hvernig metur þú gæði námsmats í skólanum?	0	0	1	13	9	0	23	3.8	96%	76%
Hvernig nýtum við niðurstöður námsmats í þágu nemenda (samkvæmt aðalnámskrá)?	0	0	2	10	8	0	20	3.3	90%	83%
Hvernig metur þú hvort og hvernig nám, kennsla og matsaðferðir mæta fjölbreyttum þörfum nemenda?	0	0	1	7	12	0	20	3.3	95%	84%
Hvernig metur þú gæði einstaklingsmiðunar og þau stuðningsúrræði sem skólinn býður nemendum?	0	0	0	5	14	3	22	3.7	100%	96%
Hvernig metur þú þátttöku fjölskyldna í skólastarfinu?	0	2	4	15	2	0	23	3.8	74%	76%
Hvernig metur þú hversu árangursrík samfella er í námi nemenda alla skólagönguna?	0	0	1	14	6	1	22	3.7	95%	90%
Hvernig metur þú samstarf skólans við foreldra/forsjáraðila?	0	1	2	9	11	0	23	3.8	87%	92%
Á hvaða hátt metur þú samstarf alls starfsfólks innan skólans?	0	2	4	11	9	0	26	4.3	77%	93%
Á hvaða hátt metur þú samstarf skólans við samstarfsaðila utan skólans (s.s. fræðsluþjónustu, samstarfsskóla, samstarfsstofnanir o.s.frv.)?	0	0	2	7	12	1	22	3.7	91%	83%
Hvernig finnst þér skólinn ná að skapa námsumhverfi sem samræmist hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar/menntun fyrir alla?	0	0	2	6	15	1	24	4.0	92%	96%
Hvernig fylgjum við eftir námsgengi nemenda og árangri?	0	0	0	11	9	0	20	3.3	100%	87%
Hafa nemendur tækifæri til að beita sköpunarhæfni sinni í fjölbreyttum verkefnum?	0	0	0	11	12	1	24	4.0	100%	92%
Hvernig leggjum við áherslu á eflingu lestrar með skýrum markmiðum um kennslu, leiðir og árangur skv.	0	0	0	8	12	2	22	3.7	100%	100%
Hvaða mat leggur þú á hvernig jafnrétti og sannngmi er haft að leiðarljósi í skólastarfinu?	0	0	1	9	14	0	24	4.0	96%	93%
Hvaða mat leggur þú á vinnu að forvörnum gegn einelti og úrvinnslu mála skv. aðgerðaaætlun skólans gegn einelti (Olweus)?	0	0	1	6	15	0	22	3.7	95%	96%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd skólaáættingar?	0	0	1	8	16	1	26	4.3	96%	89%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd heilsueflandi hreyfidaða?	0	0	0	4	20	2	26	4.3	100%	100%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd árhátiðar yngsta stigs?	0	0	0	11	13	0	24	4.0	100%	96%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd árhátiðar miðstigs?	0	0	0	9	13	0	22	3.7	100%	
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd árhátiðar unglingsstigs?	0	1	0	10	11	0	22	3.7	95%	100%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd þemadaga?	0	0	1	7	18	0	26	4.3	96%	
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd vorhátið og grill?	0	0	1	6	19	0	26	4.3	96%	
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd skólaslita?	0	0	4	5	14	2	25	4.2	84%	
Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi?	0	0	0	6	20	0	26	4.3	100%	96%
Hvernig metur þú samstarf kennara (m.t.t. samvinnu, gagnkvæms stuðnings, sameiginlegrar sýnar, miðunar nýrrar þekkingar, stigstjórnar o.s.frv.)?	0	1	3	4	12	0	20	3.3	80%	88%
Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mótuneytis í Varmahlíðarskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmiða?	0	0	2	0	20	3	25	4.2	92%	97%
Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframbóði í mótuneyti skólans?	0	0	2	0	20	4	26	4.3	92%	100%
Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri höfð í skólastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)?	0	0	1	13	12	0	26	4.3	96%	93%
Hvaða mat leggur þú á framkvæmd og gagnsemi þróunarverkefna skólaársins?	0	0	1	12	6	0	19	3.2	95%	100%
Hvaða mat leggur þú á skipulag, skilvirki og gagnsemi faghópa á skólaárinu?	0	0	1	11	12	0	24	4.0	96%	
Hvernig liður þér á vinnustað?	0	0	1	8	16	0	25	4.2	96%	97%

Árleg skimun var lögð fyrir starfsfólks skólans í lok skólaársins. Skimunin er nýlega uppfærð og byggir á gæðaviðmiðum um skólastarf úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., ásamt gæðaviðmiðum sem starfsfólk hefur búið til.

## Könnun um Sveitadaga

Verkefnið Sveitadagar að vori byggir á margra ára hefð sem þróast hefur með tíð og tíma allt frá árinu 1994. Tilgangur þess er m.a. að mæta sérstöðu skóla í dreifbýli, en Varmahlíðarskóli er skilgreindur sem sveitaskóli í nútímasamfélagi og leggur sig fram um að vera trúr því hlutverki. Stærstur hluti nemenda kemur úr dreifbýli. Við leggjum áherslu á að skólastarf sé sveigjanlegt og geti lagað sig að viðfangsefnum sem hæst bera í heimahéraði hverju sinni.

Verkefni Sveitadaga felur í sér samvinnu foreldra og skóla, þar sem foreldrar taka nemendur heim á bæi. Nemendur eru þessa daga við störf heima á bæjum og þeir nemendur sem ekki búa í sveit fá inni hjá skólafélögum, vinum og vandamönnum. Nemendum er ætlað að sinna fjölbreyttum vorverkefnum sem til falla s.s. að aðstoða við sauðburð undir handleiðslu foreldra. Að auki halda nemendur dagbók og vinna verkefni sem eru breytileg eftir aldri, geta verið athugun á veðri, búskaparháttum, fuglaskoðun, eða útreikningur kostnaðarliða einhvers í rekstri búsins. Matsblað er sent með nemendum sem bændur fylla út að Sveitadögum loknum. Nemendur skila dagbók, matsblaði og verkefnum sínum til umsjónarkennara.

Verkefnið Sveitadagar að vori hlaut viðurkenningu samtakanna Heimili og skóli vorið 2013. Foreldrar hafa verið afskaplega ánægðir í sínum umsögnum um verkefnið. Samvinna foreldra hefur verið dýrmæt enda er þátttaka foreldra lykilatriði í verkefninu, án þeirra liðsinnis væri þetta ekki framkvæmanlegt. Sveitadagarnir eru lýsandi dæmi um það hverju samstaða heimila og skóla getur áorkað.

Að mati okkar skólastarfsfólks er verkefnið Sveitadagar fyrirmyndar samþættingarverkefni.

Nú í vor var lögð fyrir könnun um viðhorf og framkvæmd Sveitadaga. Foreldrum og forráðamönnum var send könnun í tölvupósti þar sem þeir voru beðnir að svara fyrir hvert barn sem þeir eiga í skólanum. Könnunin var send forráðamönnum allra barna í skólanum eða 103. Alls bárust 89 svör.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar búa 83% nemenda á sveitabæ.

80,7% forráðamanna svara því að börnin þeirra geti verið heima á sveitadögum.

Spurt var hvort forráðamenn hefðu tengsl við ábúendur á sveitabæ þar sem barn sem ekki býr á sveitabæ gæti varið Sveitadögum. 87,9% svara því játandi.

Þegar spurt var um hvort fólk ætti í erfiðleikum með að koma sínu barni fyrir á sveitabæ svara 96,7% því neitandi.

Þegar spurt var hvort forráðamenn vildu að skólinn aðstoðaði við að finna pláss yfir barn sitt svara 97% þeirra því neitandi.

Spurt var um hvort forráðamönnum þætti Sveitadagar hæfilega margir svöruðu

57,6% að það væri gott eins og það er. 25,6% svöruðu að dagarnir mættu vera fleiri. og 16,5 % svöruðu að þeir mættu vera færri.

Þegar spurt var um hvort heimilið geti tekið við fleiri nemendum á Sveitadögum svara forráðamenn 16 nemenda að sitt heimili geti tekið við fleirum.

Forráðamenn 22 nemenda svara því að sitt barn bjóði samnemanda til sín. 35,4% forráðamanna segjast ekki geta tekið við fleiri nemendum og 24,4% forráðamanna segjast ekki vera með búskap.

Spurt var um hvernig gangi að finna þeim nemendum verkefni sem eru á Sveitadögum á heimilinu. 78,3% svara að það gangi mjög vel eða vel. 17,6% svara að það gangi þokkalega. 4,1% svara annað hvort að það geti verið erfitt eða gangi ekki vel.

Þegar spurt var hvernig gangi að vinna verkefni sem koma úr skólanum svara 82,6% að það gangi mjög vel eða vel. 16% svara að það gangi þokkalega og 1,4% svara að það gangi ekki vel.

Þegar niðurstöður eru teknar saman eru forráðamenn jákvæðir í garð verkefnisins og vilja taka þátt í því.

Þegar skoðaðar eru athugasemdir sem foreldrar skrifa í könnuninni eru þær jákvæðar, þar er sagt flott verkefni, nauðsynlegt fyrir öll börn, gaman að taka þátt í þessu.

Sjá nánar á heimasíðu skólans: <https://www.varmahlidarskoli.is/static/files/2020-2021/namsmarkmid/sveitadagar-kynning-a-nidustodum-konnunar.pdf>



## Áætlun um sjálfsmat 2020-2023

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni **Hversu góður er grunnskólinn okkar?** sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta á næstu þremur árum. Lykilþættirnir þrír úr skoska sjálfsmatsefninu eru merktir með bláum, grænum og appelsínugulum lit. Gæðagreinir sem búnir hafa verið til sérstaklega eru merktir með gulum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær ýmsar kannanir eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

Skólaár	2020-2021	2021-2022	2022-2023
<b>Haustönn</b>			
	2.3 Nám kennsla og námsmat	2.3 Nám, kennsla og námsmat	2.3 Nám, kennsla og námsmat
	gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	3.1 Velferð jafnrétti og skóli án aðgreiningar/ Jafnréttisgæðagreinir	2.4 Einstaklingsmiðun
	1.2 Forysta í skólastarfi	3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur	2.5 Samstarf heimila og skóla (breytt heiti)
	2.1 Nemendavernd	3.3 Sköpun og starfshæfni	2.6 Samfella í skólastarfi
	Mat foreldra/forsjáraðila á skólastarfi í nóv.	Mat foreldra/forsjáraðila á skólastarfi í nóv.	Mat foreldra/forsjáraðila á skólastarfi í nóv.
<b>Vorönn</b>			
	1.3 Breytingastjórnun	2.7 Samstarf	2.2 Skólanámskrá
	1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	Olweusargæðagreinir	1.4 Forysta og starfsmannastjórnun
		Mötuneytisgæðagreinir	Upplýsinga- og tæknimál - gæðagreinir



## Viðauki 1: Einkunnaskali

6	<b>Framúrskarandi</b>	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	<b>Mjög gott</b>	Afar sterkur þáttur
4	<b>Gott</b>	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	<b>Nægilegt</b>	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	<b>Slakt</b>	Mikilvæg atriði slök
1	<b>Ófullnægjandi</b>	Afar slakur þáttur

Skólastarf er hægt að meta út frá margvíslegum forsendum. Við þurfum að hafa í huga að þegar við gefum okkur einkunn með gæðastöðlum erum við að nota fagþekkingu okkar fremur en tæknilega úrvinnslu. Þrátt fyrir það ættu eftirfarandi almennar leiðbeiningar ávallt að vera notaðar.

Matið **framúrskarandi** er notað að uppfylltum skilyrðum fyrir framúrskarandi árangri á tilteknu sviði þar sem skólinn er leiðandi á sínu sviði á landsvísu. Námsreynsla nemenda og árangur þeirra eru framúrskarandi. Matið **framúrskarandi** er gefið fyrir framúrskarandi gæði skólstarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag og er þess verðugt að útbreiða/kynna til aðila utan skólans. Það felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður við haldið.

Matið **mjög gott** á við um þegar skólastarf einkennist af styrkleika. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að matið **mjög gott** merki mikil gæði í kennslu og starfi ættu allir að geta náð því. Það felur í sér að skólastarf geti haldið áfram án meiriháttar breytinga. Þrátt fyrir það eru þær væntingar gerðar til skólans að hann nýti hvert tækifæri til umbóta og kappkosti að verða framúrskarandi.

Matið **gott** á við um starf sem einkennist af styrkleika mikilvægra atriða sem saman vega greinilega meira en atriði sem þarf að bæta. Matið **gott** gefur vísbendingar um að þeir styrkleikar sem dregin eru fram hafi greinilega jákvæð áhrif. Þrátt fyrir það eru gæði námsreynslu nemenda skert á einhvern hátt á atriðum þar sem umbóta er þörf. Það bendir til að skólinn ætti að leitast við að skjóta styrkari stöðum undir styrkleika samhliða því að grípa til aðgerða gagnvart þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

Matið **nægilegt** á við um að sterk atriði rétt ná að vega meira en slök. Matið **nægilegt** gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Það greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að veikleikar séu ekki það mikilvægir að þeir hafi stöðug neikvæð áhrif þrengja þeir þó að gæðum námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Matið bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja á styrkleika sínum.

Matið **slakt** gefur til kynna að sum atriði séu sterk, en mikilvæg atriði slök. Almennt má búast við því að matið **slakt** komi fram í fjölda aðstæðna. Þrátt fyrir að sjá megi einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu annað hvort á stöku stað, eða þegar þau eru tekin saman, skerða

námsreynslu nemenda verulega. Matið bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.

Matið **ófullnægjandi** gefur til kynna að mikilvæg atriði skólastarfs séu slök og þarfnist tafarlausra úrbóta. Námsreynsla nemenda er í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf starfsfólk, sem ber ábyrgð á starfi sem leiðir til matsins **ófullnægjandi**, á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Þetta getur falið í sér að vinna með öðru starfsfólki eða samstarfsstofnunum utan skólans sé nauðsynleg.